

Leyniræða varaforsetisráðherra Póllands:

Herstjórn um langan aldur?

Ýmislegt bendir til þess að herlög muni allengi gilda enn í Póllandi sem og til þess að valdatöku hersins beri í ríkari mæli en flestir hafa gert til þessa að skilja sem hrun kommúnista-flokksins, skilja í ljósi þeirrar sannfæringar herforingja og liðsforingja, að þeir einir geti bjargað Póllandi úr ógöngum.

Herlögin í Póllandi hafa verið túlkuð á ýmsa vegu. Enginn efast um að hættan á sovétskri innrás vóg þungt þegar þau voru sett, en fréttaskýrendur hafa með mjög mismunandi hætti túlkað samband flokks og herstjórnar.

Aginn og hlýðnin

Í nýlegri samantekt í vikublaðinu Spiegel er lögð mikil áhersla á það, að Kommúnistaflokkur Pól-



Rakowski og Walesa: „hann er mjög takmarkaður maður“.

lands hafi, áður en herlög voru sett, verið í upplausn. Mikill fjöldi meðlima hans hafði sagt skilið við hann — og enn bætast fleiri við: Spiegel nefnir til dæmis fræga hetju úr andspyrnuhreyfingunni pólsku, Mariu Rutkiewicz, sem

árið 1941 sveif niður á hernum í Póllandi í fallhlíf til að skipuleggja andspyrnuhreyfingu á vegum kommúnista gegn nastitum — einnig hún er engin úr flokknum. En hvort sem fleiri eða færri slík dæmieri rakin: menn úr hernum skipa nú mikinn fjölda ábyrgðarstarfa í stjórnkerfinu og Spiegel hefur það fyrir satt, að meðal þeirra ríki sú sannfæring að aðeins á agi og hlýðni, sem menn læra í her, geti bjargað Póllandi frá hruni.

Þetta kemur líka fram í því, að herinn vill ekki aðeins „hreinsa“ burt þá sem hafa gengið erinda Samstöðu, heldur og þá menn ýmsa sem áður voru háttsettir í flokki og ríkiskerfi og hafa gert sig seka um ýmislega spillingu og sérdrægni.

„Frysting“

Einn þeirra ábyrgðarmanna sem ekki eru úr hernum en er í náðinni hjá Jaruzelski er Rakowski aðstoðarforsetisráðherra. Spiegel kveðst hafa komist yfir afrit af ræðu sem hann flutti um júl yfir flokksstarfsmönnum í Varsjá. Hann talar einmitt um



Almenningur, flokkur, her: hver er skipting hlutverka?

að miðstjórn flokksins sé eins og tóm hús, og að herlögin muni lengi standa. Hann segir sem svo, að fyrst verði að skapa „agað þjóðfélag“ — hvað sem það þýðir: „Hesturinn sem geyst hefur áfram verður að læra að brokka aftur og hlýða“.

Rakowski segir sem svo, að ekki sé hægt að snúa aftur til fyrra kerfis, þess sem ríkti fyrir daga Einingar, því þá muni allt fara á sömu leið og komið var í desember í fyrra. Hann fellst heldur ekki á kröfur kirkjunnar um að Samstaða fái að starfa aftur og telur best að „frysta“ allar ákvarðanir um samtök launafólks. Hann talar um herlögin sem „þungt högg og áfall“ sem hafi verið nauðsynlegt til að „fyrir Póllandi frá því sem verra var“ og mun þá eiga við sovéska innrás. Rakowski segir að ekki geti verið um neinskonar afturhvarf að ræða, heldur verði að leita nýrra lausna.

Ekki er gott að vita hvað er átt við með því, en látið hefur verið að því liggja, að herforingjarnir pólsku vilji helst reyna að feta í fótspor Kadarstjórnarinnar í Ungverjalandi, sem hefur í áföngum tekist að skapa betra efnahagsástand og pólitískt

ástand en ríkir annarsstaðar um austanverða álfuna. Engin svör munu hinsvegar til við því, hvernig Pólverjar getu náð markmiðum af því tagi.

Refsingar?

Rakowski virðist ekki í hefndarhug og varar við því að nokkrir menn úr innanríkisráðuneytinu vilji nota herlögin til að hefna sín á þeim sem gerðu þeim lífið léitt á blómaskeiði Samstöðu. Hann heldur því fram, ef heimild Spiegels er rétt, að um 5000 manns hafi verið handteknir og muni meirihluti þeirra látinn laus innan skamms.

Verst er Rakowski (sem einu sinni var reyndar talinn umbótasinnnaður) við þá „ráðgjafa“ Samstöðumanna sem hafi „þokað verkalyðssamtökunum í átt til stórslysa“ og viljað að til uppgjörskæmi um það hver færi með völdi í landinu. Meðal þessara manna eru menntamenn sem hann vill „draga til ábyrgðar, siðferðilega eða öðruvísi“. Að öðru leyti segir hann sem svo um pólska menntamenn, að hinn „skapandi“ hluti þeirra hafi alltaf verið á móti kommúnistum —

Framhald á bls. 14

Að upplifa beint raunveru Íslands


Ásgerður Búadóttir á afmælissýningu Kólorostanna

Í síðasta mánuði héldu hin virtu listamannasamtök „Kóloristerne“ afmælissýningu í sýningarbyggingunni „Den Frie“ í Kaupmannahöfn, en þau hafa nú staðið fyrir árlegum sýningum meðlima sinna allt síðan 1932.

Ásgerði Búadóttir myndvefara var boðið að taka þátt í sýningunni, einni gesta en hún hefur áður sýnt þrisvar með „Kóloristerne“ síðan 1975. Hafa nú borist dómar um sýninguna, sem birtust í Kaupmannahafnarblöðunum Politiken og Information.

Gertrud Köbke Sutton listfræðingur skrifar grein í Information sem hún nefnir Kunst uden kunstighed — List án tilgerðar. Um sýninguna í heild segir hún m.a.: „Kóloristerne er samræmdur hópur þroskaðra einstaklinga, sem vita hvað þeir geta — og gera það. Því eru sýningarsalir Den Frie fullir af lifandi, skynrænum og persónulegum listaverkum.“ Síðan rekur hún hlut ýmissa sýnenda og segir:

„Hjá myndvefurum tveim, Nönnu Hertoft og Ásgerði Búadóttur, er efnið og handverkið ekki síður lausnarorð tjáningarinnar. Í verkum hins íslenska gests fer frjálshleiki efnisins og ljós myndskipun saman og verða til þess að skapa lifandi, hlýja og tilfinninganæma vefmynd. Að nokkrum hluta er hún að segja okkur frá Íslandi, í litum og formum, en að hluta gerir hún okkur mögulegt að



Ásgerður Búadóttir „gætið vel að þessari listakonu“...

upplifa beint raunveru Íslands, með því að láta verk sín mynda bakgrunn móti snöggu risi hins stríða og óspunna hrosshárs.“

Gertrud Köbke Sutton lýkur grein sinni með þessum orðum: „Í ljóma þessa samstírnis, sem ekki er þó samspil, heldur tvöföld staðfesting á þeim undramættlistarinnar að vekja mannshugann, uppgötvun við hluti sem við höfum áður gengið blindandi hjá.“

Pierre Lübeckerskrifar grein í Politiken, sem hann nefnir Í stille medvind — Í hægum meðbyr. Í upphafi greinarinnar rekur Lübecker hálfra aldar feril Kóloristerne, mótyr þeirra og meðbyr, og telur sýninguna nú hafa styrkst, eftir nokkra lægð. Síðan segir hann:

„Það er Sigrid Lütken, Finn Nielsen og Astrid Klenau, sem auðga sýninguna hvað mest með sínum stórsniðnu verkum. Öll þrjú hafa þau hér lagt til verk sem vekja aðdáun. En það er Nanna Hertoft og hinn íslenski gestur sýningarinnar, Ásgerður Búadóttir sem eiga heiðurinn af hium ríkulegu myndvefnaðarverkum, þar sem

hið litræna og efniskennða standa í samræmi á innblásinn hátt. Eg vil enda orð mín með þessu afmælissýningu til hins gróna sýningarhóps: Gætið vel að þessari íslensku listakonu, — hún hefur þessum hópi eins og hönd glófa.“

Ásgerður Búadóttir tekur þátt í fleiri sýningum erlendis um þessar mundir. Laugardaginn 20. febrúar verður opnuð í Hæsselby-höll við Stokkhólm sýning sem nefnist „Nutida Nordisk Konst“. Sýning þessi er saman sett að frumkvæði listamálarans Lars Hofsjö, fyrrum formanni Norræna listbandalagsins, og valdi hann með sér listamenn frá öllum Norðurlöndunum, þannig að tveir verða frá hverju landi, eða 10 nútímalistamenn alls.

Frá Íslandi urðu þær Ásgerður Búadóttir og Valgerður Briem fyrir valinu, en verkum þeirra kynntist Hofsjö á síðustu haustsýningu FÍM hér í Reykjavík. Sýningin verður í „Galerie Plaisiren“ við Hæsselby-höll, og stendur hún yfir fram til 4. apríl.

ÚTSALA

Vatteraðar skíðabuxur stærðir	Aður	Nú
10–14	kr. 215	140
Strigaskór barna	kr. 40	10
Æfingaskór	kr. 155	95
Loðfóðraðir skinninniskór ...	kr. 140	75
Leðurskór barna st. 34–39 ...	kr. 300	100
Loðfóðruð lappakuldastigvél	kr. 480	250
Regnbuxur barna, allar stærðir	kr. 145	75
Karlmanna leðurskór m/hrágúmmisóla	kr. 330	150
Herranáttföt	kr. 130	95
Rúmteppi 240x270 margir litir	kr. 367	240
AUK ÞESS HANDKLÆÐI, PEYSUR, BOLIR O.FL.		

DOMUS



KAUPFÉLAG REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS